

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 145/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Ingvari Erni Hafsteinssyni

(Jón Magnússon hrl.)

Líkamsárás. Skilorðsrof. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1996 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Ákærði áfrýjaði til endurskoðunar héraðsdóms samkvæmt a- og b-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst ákærði þess, að refsing verði milduð og hún skilorðsbundin.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing verði þyngd og ákærði dæmdur til að greiða þeim, sem misgert var við, skaðabætur, að fjárhæð 1.500.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 12. október 1995.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um refsingu og sakarkostnað.

Ákærði unír við ákvörðun héraðsdóms um miskabætur og kveðst fyrir Hæstarétti þegar hafa greitt þær. Verður sú ákvörðun héraðsdóms staðfest.

Sigrún Ellen Einarsdóttir, sem varð fyrir verknaði ákærða, fór í bréfi til Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. október 1995 fram á „þjáninga- og miskabætur“, að fjárhæð 1.500.000 krónur, úr hendi hans. Í bréfi til lögreglu 8. nóvember 1995 er þessi krafa skýrð nánar á þann hátt, að í henni felist krafa um bætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og þjáningar. Af bréfinu verður ráðið, að á því stigi hafi ekki verið kleift að rökstyðja eða sundurliða skaðabótakröfu frekar, og sé af þeim sökum nauðsynlegt að hafa kröfu á hendur ákærða uppi „á síðari stigum eftir venjulegum leiðum“. Í málinu liggja ekki fyrir önnur gögn um áverka Sigrúnar en læknisvottorð, en meginefni þess er rakið í héraðsdómi. Engin gögn um fjártjón hafa verið lögð

fram. Verður því sjálfkrafa að vísa öðrum bótakröfum frá héraðsdómi en þeim, sem ákærði hefur samþykkt samkvæmt framan-sögðu.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingvar Örn Hafsteinsson, greiði allan áfrýjunar-kostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1996.

Ár 1996, föstudaginn 29. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 212/1996: Ákærvaldið gegn Ingvari Erni Hafsteinssyni, sem tekið var til dóms 12. mars sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara 13. febrúar sl. gegn ákærða, Ingvari Erni Hafsteinssyni, kt. 110451-3859, Urðarstíg 16, Reykjavík „fyrir líkamsárás með því að hafa í íbúð að Rjúpufelli 23, Reykjavík, aðfaranótt laugardagsins 7. október 1995 ráðist á þáverandi sambýliskonu sína, Sigrúnu Ellen Einarsdóttur, kt. 280251-3999, sem lá í rúmi í hjónaherbergi íbúðarinnar, rífið hana á hárinu upp úr rúminu, slegið hana mörg hnefa-högg í andlit og sparkað í hana, eftir að hún hafði fallið í gólfíð.

Afleiðingar árásarinnar urðu þær, að Sigrún Ellen hlaut brot á nefbeini, brot á kinnbeini vinstra megin, marðist á augum, á höku og á vinstri oln-boga og hlaut dofa í vinstri kinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Sigrún Ellen skaðabóta úr hendi ákærða, 1.500.000 króna, ásamt dráttarvöxtum frá 12. 10. 1995 til greiðsludags“.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sitt, en aðalmeðferð fór fram í málinu 12. þ. m. í samræmi við ákvæði 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opin-berra mála.

Málavextir.

Um kl. 3.50 aðfaranótt laugardagsins 7. október sl. var lögregla kvödd að Rjúpufelli 23 vegna ófriðar og hávaða frá íbúð Sigrúnar E. Einarsdóttur, íbúa á þriðju hæð. Er lögreglumenn komu á vettvang, höfðu þeir tal af ákærða, þáverandi sambýlismanni Sigrúnar. Kvaðst hann hafa lent í átökum við Sigrúnu, sem hefði í kjölfarið farið á hæðina fyrir neðan. Samkvæmt frumskýrslu Jóns Otta Gíslasonar, sem hann hefur staðfest fyrir dóminum, var ákærði vel viðræðuhæfur, rólegur, en sjáanlega undir áfengisáhrifum. Hann var skorinn á hægri hendi, í lófa, og hafði sýnilega blætt úr. Í íbúðinni var talsverð óreiða og greinilega komið til átaka; meðal annars voru blóðblettir á gólfi í stofu, skála, eldhúsi og svefnherbergi. Þá voru hárflygsur á gólfi í svefnherbergi og eldhúsi. Í svefnherbergi var allt á rúi og stúi; stór mynd hafði fallið á gólfið, gler brotnað úr henni og brotin á gólfinu. Tækni-deild Rannsóknarlögreglu ríkisins ljósmyndaði vettvang. Lögreglumenn höfðu tal af Sigrúnu, en hún var í íbúð á neðri hæð. Var hún sjáanlega undir áfengisáhrifum og í geðshræringu og kvartaði um verk í höfði. Var hún færð á slysadeild.

Fram er komið í málinu, að ákærði og Sigrún voru sambýlisfólk og áttu saman sjö ára dóttur.

Ákærði og Sigrún voru yfirheyrð hjá lögreglu og við meðferð málsins.

Ákærði kvað þau Sigrúnu hafa farið út að skemmta sér um kvöldið á Kringlukurána, en áður hefðu þau setið heima og drukkið eitthvað svolítið af sterku áfengi og bjór. Hann hefði haft samband við gamlan vin sinn utan af landi, sem var í bænum, og þau ákveðið að hittast við Kringlukurána. Hefði Sigrún sýnt vininum mjög mikinn áhuga, farið að daðra við hann og „reyna við hann“. Sér hefði fundist hann ekki geta horft upp á þetta og því farið í annan sal. Félagi sinn hefði þá komið þangað fljótlega, sest við borðið hjá sér og sagt eitthvað í þessum dúr: „Sú er aldeilis ákveðin. Við látum hana, sko, ekkert komast upp með að skemma neitt okkar venskap“. Hún hefði komið stuttu síðar og tekið upp þráðinn að nýju. Hann hefði þá staðið upp, rokið út og beint heim og verið mjög miður sín og farið að drekka, nokkuð stíft. Um hálf- til klukkutíma síðar hefði Sigrún komið. Hann hefði setið í hægindastól og hún sest á arminn á stólnum og farið „að sleikja úr“ sér fýluna og reyna að fá sig til að vera góðan. Hann hefði verið í hálfgerðu uppnámi, og þegar hún fór að sýna honum blíðuhót, hefði hann bandað henni frá sér. Hefði hún þá farið inn í svefnherbergi og lagst þar niður. Stuttu síðar hefði hann farið inn í svefnherbergi og sagt við hana: „Hvernig gast þú gert mér þetta?“ en hún þá sagt: „Ég ætlaði bara að halda fram hjá þér, ég ætlaði að ná í hann.“ Við þetta hefði hann algjörlega misst stjörn

á skapi sínu og gengið í skrokk á henni. Hann kvaðst minnst þess að hafa rífið utan af henni fötin. Það hefði „slokkað á sér þarna“, en kvaðst þó ekki vera í vafa um, að hann hefði kýlt hana og barið með krepptum hnefum og hent henni út úr íbúðinni. Hann kvaðst ekki muna, á hvern hátt hann veittist að henni, en engum vafa væri undirorpið, að hann hefði verið hér að verki, og dró ekki í efa, að hann hefði veist að henni með þeim hætti, sem í ákæru greinir. Hann hefði hent henni út úr íbúðinni og þá loks runnið reiðin. Hann hefði ekki séð hana, áður en lögreglan kom á vettvang, en farið heim til móður sinnar. Ákærði kvað þau Sigrúnu ekki hafa búið saman eftir þennan atburð, en hann verið hjá henni flestar helgar eftir þennan atburð og þau verið talsvert saman.

Ákærði hafnaði með öllu fram kominni skaðabótakröfu. Hann kvaðst hafa látið Sigrúnu hafa nokkurt fé og hún talið það vera um 25.000 krónur, en fjárhæðin verið eitthvað hærri.

Þá verður gerð grein fyrir framburði vitna, sem komu fyrir dóminn.

Sigrún Ellen Einarsdóttir sagði, að á þessum tíma hefði ákærði búið hjá sér. Undanfarandi vika hefði verið erfið í sambúðinni. Þau hefðu verið að þrasa um þá ákvörðun ákærða að flytja út og slíta sambúðinni. Þetta kvöld hefðu þau ákærði ákveðið að hitta vin hans á umræddum skemmtistað. Hefðu þau fengið sér í glas, áður en þau fóru þangað, og kvaðst hún telja, að klukkan hefði þá verið um ellefu eða hálfþólf. Hún hefði verið fúl út í ákærða, en dansað við hann og kunningjann. Ákærða hefði fundist hún vera „of vinaleg“ við kunningja hans. Hann hafi þá ráðist á sig, rífið í hár sér og skellt sér á gólfið og farið við svo búið út. Hún kvaðst ekki hafa gefið kunningja ákærða undir fötinn, en bæði rætt við hann og dansað. Hún hefði sest niður og jafnað sig, en ekkert átt frekar saman við kunningjann að selda, rætt við fólk, sem hún þekkti á staðnum, og farið heim.

Þegar þangað kom, hefði ákærði setið inni í stofu við drykkju. Hún hefði reynt að tala við hann og sýnt honum blíðuhót, reynt að dekstra hann, en hann þá hent sér frá. Hefði hún þá sagst ætla að fara inn í rúm að sofa, farið inn í svefnherbergið og lagst upp í rúm í fötunum. Hefði hann þá komið, farið að svívirða sig, rífið í hár sér og farið að berja sig. Hún hefði reynt að sleppa og beðið hann að hætta, en hann hent sér hingað og þangað og byrjað svo að lemja sig með hnefunum í andlitið og slegið sér utan í vegg. Hún hefði reynt að sleppa fram og komist fram í stofu einu sinni. Hún hefði dottið milli rúms og veggjar, en hann þá rífið sig upp og síðan rífið utan af sér öll fötin. Við aðalmeðferð málsins kvaðst hún ekki gera sér grein fyrir, hvort hann sparkaði þá í sig. Er hún var yfirheyrð hjá lögreglu daginn eftir atburðinn, kvað hún ákærða hafa sparkað í sig, eftir að hún datt á svefnher-

bergisgólfíð. Hún kvaðst hafa skýrt satt og rétt frá við þessa yfirheyrslu. Ekki kvaðst hún gera sér grein fyrir því, hversu lengi barsmíðarnar stóðu yfir, en hún hefði komið heim um klukkan hálfþrjú til þrjú. Hún hefði alltaf reynt að komast undan honum og beðið hann að hætta, spurt, hvort ekki væri nóg komið, þegar hún fann, að nefið brotnaði, en engin viðbrögð orðið við því hjá ákærða. Hún kvað ákærða hafa verið „alveg trylltan“, þennan mann hefði hún ekki þekkt. Þetta hafi endað með því, að hún komst að úti-dyrum og fram á gang. Hefði sér tekist að opna dyrnar og dottið svo út um þær, því að hann hefði reynt að ná sér. Hann hefði þá sparkað í sig þar og skellt hurðinni aftur, þegar hún var komin út á ganginn.

Sigrún Ellen kvað þau hafa talast við og hist eftir þetta, þó ekki fyrr en milli jóla og nýárs. Þau hefðu verið saman um helgar og annað slíkt, en samband þeirra verið mjög erfitt. Þau hefðu þó rætt um að taka upp sambúð að nýju, ef ákærði færi í áfengis meðferð og gerði eitthvað í sínum málum, t. d. vegna skapsmuna sinna. Hefði ákærði farið í áfengis meðferð eftir þetta og hún á hópfundi í tengslum við þá meðferð sem aðstandandi hans. Hefði hún lagt sig alla fram við að reyna að halda sambandi þeirra. Hún kvaðst hafa þegið 25.000 krónur hjá ákærða eftir þennan atburð. Sigrún Ellen kvaðst halda fast við bótakröfu sína á hendur ákærða. Hún kvaðst ekki finna lengur fyrir doða í vinstri kinn, en fyndi hins vegar ekkert fyrir tönnum þeim megin í andlitinu.

Sigrún Jónsdóttir kvaðst hafa vaknað um nóttina við hávaða. Hefði hún farið fram úr og taldi sig heyra, að Sigrún Ellen væri að kalla. Skömmu síðar hefði Sigrún Ellen hringt dyrabjöllunni hjá sér. Hún hefði opnað dyrnar og Sigrún Ellen þá setið á hækjum sér fyrir framan dyrnar, nakin og hér og þar blóðug. Hefði hún hjálpað henni inn fyrir og klætt hana í fót. Sigrún Ellen hefði sagt: „Hann er búinn að berja mig svona“. Lögreglan hefði svo komið og hlúð að henni.

Ole Pedersen kvaðst búa á hæðinni fyrir neðan íbúð Sigrúnar Ellenar. Hann kvaðst hafa vaknað við umgang í íbúð hennar. Nokkru síðar hefði hann orðið þess var, að Sigrún Ellen kom heim, séð hana út um gægjugat íbúðar sinnar. Um fimm mínútum síðar hefði hann heyrt „alveg svakalegan hávaða“ frá íbúðinni. Ákærði hefði öskrað á Sigrúnu Ellen, hrópað, að hún hefði lítillækkað sig. Svo hefði hann heyrt, að einhverju var grýtt í gólfíð. Ákærði hefði öskrað og greinilega verið alveg óður. Þetta hefði staðið frekar stutt yfir. Ole kvaðst hafa heyrt Sigrúnu Ellen öskra: „Nei, nei!“ og öskur í þeim dúr. Þetta hefði verið mjög óvenjulegt; þó að hann hefði heyrt hávaða fyrr frá íbúðinni, hefði það verið engu þessu líkt. Hann kvaðst hafa hringt í lögreglu, sem hefði komið strax á staðinn.

Jón Otti Gíslason aðstoðarvarðstjóri kom fyrir dóminn og staðfesti framangreinda skýrslu sína um málið. Hann sagði ákærða hafa verið mjög rólegan, þegar hann kom á staðinn. Hann hefði vist miður sín eða „sjokkeraður“ og verið skorinn á hendi, ekki áberandi ölvður, en verið þó undir áfengisáhrifum. Hann hefði boðið lögreglumönnum inn og skýrt þeim frá, að konan sín væri á hæðinni fyrir neðan. Ákærði hefði sagt, að hann hefði lagt hendur á konuna í afbrýðisemi. Eftir afskipti lögreglumannanna á vettvangi hefðu þeir farið á slysadeild og þar verið tjáð, að konan væri í læknisrannsókn. Í vaktlok hafi ekki verið komið í ljós, hve slösuð hún var, en um hádegi daginn eftir hefði sér verið tjáð, að hún væri mikið slösuð, og hann því ritað skýrsluna strax þann dag og RLR síðan tekið við málinu.

Í áverkavottorði Einars Ólafssonar, háls-, nef- og eyrnalæknis á Borgarspítalanum, 17. október sl. segir svo:

„Fram kemur við skoðun, að hún er með mikið mar í kringum augu, sérstaklega vinstra megin, mikið mar yfir vinstra kinnbeini og er greinilega nefbrotin, bólgin yfir nefrót og nefið brotið, en brot liggja í góðum skorðum. Það er smásár yfir nefbeini vinstra megin. Þá er hún með mar á olnboga vinstra megin og á höku, einnig aum við hreyfingar á hálsliðum. Röntgenmynd af hálsliðum, sem tekin var við komu, sýndi ekki brot, en röntgenmynd af andlitsbeinum sýndi brot í nefbeinum. Einnig var vökvaborð í vinstri kinnholu og sennilega sprunga í kinnbeininu vinstra megin. Ekki er misgengi á þessum brotum. Þar sem mikil bólga var á svæðinu, var ákveðið, að Sigrún kæmi aftur í skoðun. Kom hún aftur 10. 10. Þá hafði bólgan hjaðnað verulega, en nefið er beint. Hún kvartar um dofa í vinstri kinn og í tanngarði, sem bendir á áverka á infra orbitalis-taugina vinstra megin. Þetta er sennilega beinn áverki eða smásprungu í beinvegg í kringum taugina.“

Ógerlegt er að segja á þessari stundu, hvort þetta verður varanlegur skaði, en tíminn einn getur leitt það í ljós, og getur það tekið allt upp í 1/2–1 ár að lagast. Hins vegar er ekkert misgengi í brotum og ekki þörf á neinum aðgerðum, hvað varðar brot á nefi eða kinnbeini vinstra megin.“

Niðurstaða.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð þeirra vitna, er leidd voru við aðalmeðferð málsins, svo og annarra gagna málsins, einkum læknisvottorðs og vettvangsgagna, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það brot, sem honum er að sök gefið í ákæru og þar er réttilega fært til refsíákvæða. Ákærði kveðst hafa framið brotið í mikilli afbrýðisemi, sem Sigrún Ellen hafi vakið hjá sér með háttsemi sinni fyrr um kvöldið og

við orð hennar, eftir að hún kom heim. Þótt ekki verði dregið í efa, að ákærði hafi fyllst afbrýðisemi í garð hennar, var verknaður hans með þeim hætti, að ekki verður á það fallist, að færa beri refsingu hans niður með vísan til 4. t. l. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Árás ákærða var hrottaleg, og ljóst er, að hann hélt henni áfram þrátt fyrir sífelldar bænir Sigrúnar Ellenar um, að hann léti af henni. Á hinn bóginn ber til þess að líta við ákvörðun refsingar ákærða, að hann játaði verknaðinn hreinskilnislega allt frá fyrstu stundu og reyndi ekki að draga úr honum á nokkurn hátt. Ákærði hefur gengist undir sex dómsáttir, allar að einni undanskilinni fyrir umferðarlagabrot. Koma þær ekki til álita við ákvörðun refsingar. Hinn 15. nóvember 1994 var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi skil-orðsbundið í þrjú ár vegna skjalafals. Með broti því, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði rofið skilorð þessa dóms. Ber því nú samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem fjallað var um í ofangreindum dómi, og það brot, sem hér er til meðferðar. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin átta mánaða fangelsi.

Sigrún Ellen hefur lagt fram kröfu á hendur ákærða fyrir þjáningar og miska vegna líkamsárásar hans, að fjárhæð 1.500.000 krónur. Auk þess krefst hún dráttarvaxta af höfuðstólnum frá 12. október 1995 til greiðsludags. Ljóst er, að Sigrún Ellen hefur orðið fyrir miska vegna líkamsárásar ákærða, svo sem gögn málsins bera með sér. Ber því að dæma henni miskabætur eftir 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem þykja hæfilega ákveðnar 150.000 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingvar Örn Hafsteinsson, sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði greiði Sigrúnu Ellen Einarasdóttur, kt. 280251-3999, Rjúpu-felli 23, Reykjavík, 150.000 krónur í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. mars 1996 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.